



Trúnaðarmanna- námskeið II

- Námskrá -



Nafn námsskrár:

Trúnaðarmannanámskeið II

Lengd náms:

61 kennslustund

Fjöldi eininga:

Allt að 5 einingar

Hverjum ætlað:

Trúnaðarmönnum á vinnustað

1. útgáfa 2007



Inngangur	1
Forsendur náms.....	2
Hugtök í námsmarkmiðum.....	3
Lokamarkmið	3
Skipulag náms.....	4
Námsþættir trúnaðarmannanámskeiðs II	5
Kynning	5
Samningatækni	6
Skipulögð vinnubrögð	7
Vinnueftirlit – vinnuvernd	8
Samtalstækni og íhlutun	9
Kynning á náms- og starfsráðgjöf	10
Færnimappa talsmannsins	11
Valgrein	12
Samantekt og mat á námi og námsleið	13
Valgreinar	14
Rökfræði og áróður	14
Stjórnunarstílar – leiðtogar.....	15
Verðlagseftirlit – tilgangur og þróun	16
Kynjaheimar	17
Starfslok – hlutverk trúnaðarmanna	18
Fjölmening	19
Tryggingapíramídinn.....	20
Einelti á vinnustað.....	21
Hnattvæðing – erlendir starfsmenn	22
Fyrirtækjasamningar	23
Faglegt mat – launaviðtöl – starfsmannaviðtöl	24
Túlkun talna I.....	25
Túlkun talna II	26
Námshvatning á vinnustað	27
Mat til styttingar á námi framhaldsskóla	28



Námsleiðin „Trúnaðarmannanámskeið II“ er 61 kennslustund. Námsleiðin er ætluð trúnaðarmönnum á vinnustöðum.

Menntamálaráðuneytið hefur samþykkt að meta megi „Trúnaðarmannanámskeið II“ til styttingar náms í framhaldsskóla á móti 5 einingum. Meta má námið til allt að 5 eininga í vali, 5 eininga á kjörsviði og/eða til almennra greina eftir styrkleika viðkomandi.

Námið er ætlað fullorðnu fólki á vinnumarkaði, eldra en 20 ára og með stutta skólagöngu. Æskilegt er að þau sem sitja „Trúnaðarmannanámskeið II“ hafi áður lokið „Trúnaðarmannanámskeið I“. Tilgangur námsins er að auðvelda trúnaðarmönnum að takast á við verkefni sem þeim eru falin, að þeir efli sjálfstraust sitt og lífsleikni auk þess að námið stuðli að jákvæðu viðhorfi til áframhaldandi náms.

Námsskrá þessi er ætluð námsmönnum sem sækja „Trúnaðarmannanámskeið II“, leiðbeinendum og þeim sem vilja bjóða nám af þessu tagi. Námsskráin er einnig ætluð þeim sem vilja meta starfsráðningu og starfsframa með hliðsjón af náminu, jafngilda það eða meta til jafns við annað nám.

Námsskrá þessi er gefin út af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins með það að markmiði að auka skilvirkni og gæði náms, gera nám gagnsærra og auðvelda styttingu á framhaldsskólanámi.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gerir kröfur til þeirra sem heimild fá til að nota námsskrá þessa um að þeir framfylgi formlegu gæðakerfi sem FA þróar og viðurkennir. Einnig að framkvæmdaraðili framfylgi skilgreindum kennslufræðilegum kröfum.



Samkvæmt lögum og kjarasamningum er trúnaðarmönnum á vinnustöðum ætlað að gæta lagalegs og samningsbundins réttar vinnufélaga sinna og vera talsmenn þeirra þegar mikið liggur við á vinnustöðum.

Í þessu námi eru námsmenn á misjöfnum aldri, með mislangan starfsaldur í ólíkum störfum. Reynsla þeirra er því afar misjöfn og misjafnt hve langt er um liðið frá því þeir voru síðast í skóla. Engar kröfur eru gerðar til lágmarksskólagöngu áður en nám hefst. Til að fylgjast með framvindu námsins og námsárangri eru notaðar símataaðferðir í stað formlegra prófa.

Nám byggist á frammistöðu og ábyrgð einstaklings en einnig samvinnu og samábyrgð allra sem koma við sögu þess. Námsárangur er ekki aðeins vitnisburður um frammistöðu einstaklings. Námsárangur er einnig vitnisburður um aðstæður til náms og vitnisburður um árangur af samvinnu námsmanna og leiðbeinenda.

Áhersla er lögð á aðbúnað, efni og aðferðir sem auðvelda fullorðnum nám. Til þess þarf leiðbeiningar sem taka mið af aðferðum góðra leiðtoga, leiðsögumanna og leiðbeinenda. Námsefni, framsetningu og framvindu náms verður að sníða eftir forsendum fullorðinna. Aðbúnaður og aðstaða verða að hæfa fullorðnu fólki.

Leiðbeinandi skilgreinir þarfir, tilgang og markmið starfs síns með námsmönnum með tilliti til forþekkingar námsmanna, markmiða þeirra og aðferða til náms. Hann þarf að geta raðað niður námsefni með tilliti til markmiða, skipulags efnis og tímasetninga. Leiðbeiningar eiga að vera við hæfi fullorðinna og í samræmi við kröfur sem gerðar eru til námsaðstöðu þeirra.

Leiðbeinandi verður að búa yfir samskiptafærni til að tengjast námsmönnum og vinna traust þeirra. Hann á að skapa vinsamlegt andrúmsloft og sýna hinum fullorðna námsmanni – reynslu hans og þekkingu – fulla virðingu. Enn fremur þarf leiðbeinandi að gera sér ljósar ástæður námsmanns til að taka þátt í náminu og markmiðum hans með því. Leiðbeinandi verður einnig að gera sér grein fyrir algengum hindrunum í námi fullorðinna (eins og t.d. kvíða og óöryggi) og bregðast á viðeigandi hátt við þeim.

Leiðbeinanda ber að örva og hvetja námsmenn og leggja sig fram um að svara þörfum þeirra fyrir útskýringar og endurgjöf. Hann verður að gera sér ljóst að eðlislægar forsendur til að læra eru mismunandi. Því er gerð krafa til þess að framsetning hans sé ekki einhæf eða vélræn heldur lagi sig að mismunandi færni þeirra með það fyrir augum að auðvelda þeim nám. Enn fremur þurfa framsetning og viðfangsefni að hafa sem mesta skírskotun til veruleika og reynslu námsmanna.

Námsmenn eiga að fá tækifæri til að spreyta sig á margvíslegan hátt. Verkefnavinna, atvikakönnun, hlutverkaleikur, verklegar æfingar upp á eigin spýtur eða í hópi, rökræður, umræður og sjálfsmat eru dæmi um aðferðir sem leiðbeinandi getur beitt í því skyni að sem flestir finni námstækni og námshraða við hæfi sitt.

Mikil áhersla er lögð á að leiðbeinandi og námsmenn fari sem oftast yfir það sem hefur áunnist. Leiðbeinandi á að hafa færni til að meta námsferlið og námsárangur með símataaðferðum og færni til að gera grein fyrir niðurstöðum sínum þegar þess er þörf.



Hugtök í námsmarkmiðum

Í námsmarkmiðum „Trúnaðarmannanámskeið II“ eru eftirfarandi hugtök notuð

kynnast í merkingunni vita af, vita um, komast í kynni við, vera kunnugt um og geta nefnt eða lýst að nokkru leyti.

þekkja í merkingunni bera kennsl á, kunna skil á, átta sig á, koma fyrir sig, geta fundið og geta greint á milli, lýst, sagt frá, sýnt, staðfest, vísað til, listað upp, nefnt, raðað eða mælt.

skilja í merkingunni gera sér grein fyrir og geta útskýrt, túlkað, þýtt, ályktað og gert áætlun, fjallað um, dregið saman, gert útdrátt og geta uppgötvað.

auka færni sína í merkingunni að námsmaður hafi þjálfað sig og tekið framförum í viðkomandi námsgrein frá því hann hóf nám.

vera fær um í merkingunni hafa á valdi sínu, geta eitthvað sem maður hefur lært, kunna að gera eitthvað, hafa lært vinnubrögðin.



Lokamarkmið

Lokamarkmið námsins eru að námsmaður hafi

- eftl færni sína til að vinna af fagmennsku sem trúnaðarmaður á vinnustað.
- eftl sjálfstraust sitt og samskiptafærni.
- eftl samningafærni sína.
- eftl færni sína til að vinna skipulega.
- áttað sig á hlutverkum og ábyrgð varðandi aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustað.
- skilið grunnatriði samtalstækni, meðvirkni og íhlutunar.
- áttað sig á hugmyndafræði, aðferðum og þjónustu náms- og starfsráðgjafa.
- öðlast betri skilning og yfirsýn á færni sína.
- mætt í a.m.k. 80% kennslustunda námsáfangans.

Mikil áhersla lögð á að leiðbeinandi og námsmenn fari sem oftast yfir það sem hefur áunnist til að ýta undir stöðugar framfarir hjá námsmönnum. Leiðbeinandi á að meta reglulega námsferlið og árangur námsmanna með símataðferðum og gera grein fyrir niðurstöðum matsins þegar þess er þörf.



Námsleiðin „Trúnaðarmannanámskeið II“ er 61 kennslustund. Hver kennslustund er 40 mínútur. Námsmenn eiga ekki að vera fleiri en 18. Þeim sem stríða við les- og skriförðugleika á að liðsinna þegar þess er þörf.

Æskilegt er að umsjónarmaður námsins sjái um kynningu námsskrár og dagskrár námsins og verði í augum námsmanna þungamiðja starfsins.

Heimilt er að breyta lengd einstakra námsþátta eða fella niður námsþætti og bæta tíma sem er ætlaður til þeirra við aðra námsþætti eða bæta skyldum námsþáttum við án þess þó að draga úr heildarfjölda námsstunda enda fari breytingin hvorki í bága við markmið né tilgang námsleiðarinnar.

1. Heildarlengd námsleiðarinnar má ekki vera minni en 61 kennslustund.
2. Skipuleggjanda er heimilt að gera breytingar sem nema allt að 10% af heildarlengd námsleiðarinnar ef þær fara ekki í bága við markmið eða tilgang hennar og heildarlengd námskeiðs er ekki minna en 61 kennslustund.
3. Breytingar, sem nema meira en 10% af heildarlengd námsleiðarinnar, eru aðeins heimilar með samþykki Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

Þessi námsskrá er byggð á eftirfarandi námsþáttum:

Námsþættir trúnaðarmannanámskeiðs II	Kest.
Kynning	1
Samningatækni	8
Skipulögð vinnubrögð	8
Vinnueftirlit – vinnuvernd	8
Samtalstækni og íhlutun	8
Kynning á náms- og starfsráðgjöf	4
Færnimappa talsmannsins	12
Valgrein	8
Samantekt og mat á námi og námsleið	4
Samanlagt	61
Námsþættir valgreina	
Rökfræði og áróður	
Stjórnunarstílar – leiðtogar	
Verðlagseftirlit – tilgangur og þróun	
Kynjaheimar	
Starfslok – hlutverk trúnaðarmanna	
Fjölmening	
Tryggingapíramídinn	
Einelti á vinnustað	
Hnattvæðing – erlendir starfsmenn	
Fyrirtækjasamningar	
Faglegt mat – launaviðtöl – starfsmannaviðtöl	
Túlkun talna I	
Túlkun talna II	
Námshvatning á vinnustað	

Námsþættir trúnaðarmannanámskeiðs II



Um námsmarkmið, námslýsingar, námsaðferðir og námsefni ber almennt að hafa í huga að öll umgjörð og framkvæmd námsins er til að greiða fyrir námi. Enn fremur að námsmenn fagnámskeiðsins hafa misjafna lífsreynslu, læra með misjöfnum hætti og þurfa til þess mislangan tíma. Framsetning námsefnis, vægi og innihald námsþátta verður því að laga, eins og kostur er, að þörfum þeirra.

Nauðsynlegt er að forþekking námsmanna sé könnuð í upphafi námsþátta. Leiðbeinendur laga efni sitt og aðferðir sínar að þekkingu námsmanna og þörfum fullorðinna sem eru að reyna sig í námi, jafnvel eftir langt hlé.



Kynning

1 kennslustund

Námsmarkmið

Að námsmenn

- þekki dagskrá, forsendur og lokamarkmið þessa náms.
- kynnist hver öðrum.
- verði færir um að tjá væntingar sínar til námsins.

Námslýsing

Megináhersla er lögð á markmið og forsendur námsins. Einnig að leiða í ljós væntingar sem námsmenn hafa til námsins. Losað er um spennu jafnframt því að námsmenn kynnast hver öðrum og umsjónarmanni námsins.

Námsaðferð

Kynning, umræður, hópvinna og einstaklingsvinna. Námsmenn eru virkjaðir í kynningaraðferð sem losar um spennu jafnframt því að þeir kynnast.

Námsefni

Námsskrá námskeiðsins og dagskrá.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- þekki helstu hugtök samningatækni.
- verði færir um að greina styrkleika og veikleika máls sem fjallað er um hverju sinni.
- verði færir um að setja fram raunhæf markmið.
- þekki mikilvægi þess að upplýsa og virkja þá aðila sem verið er að semja fyrir.
- þekki algengustu mistök sem gerð eru í samningaviðræðum.
- þekki helstu erfiðleika sem koma upp við samningagerð.

Námslýsing

Megináhersla er lögð á að eðli og markmið samninga, grunnatriði samningatækni, hvernig hún er notuð í daglegu lífi og úrlausn mála sem koma inn á borð trúnaðarmanna. Áhersla er lögð á markmiðasetningu, veikleika- og styrkleikagreiningar, mikilvægi samningsumboðs og tengslanets, einnig innri og ytri aðstæður sem geta haft áhrif á samningsstöðu.

Námsaðferð

Leiðbeinandi dregur fram aðalatriði, stjórnar umræðum og leggur fyrir raunhæf verkefni sem þjálfa námsmenn í að beita samningatækni.

Námsefni

Íslenskur útdráttur Beyond the walls of conflict eftir David S Weiss ásamt glærum og verkefnum frá leiðbeinanda.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- þekki kosti þess að vinna skipulega og tileinka sér skipulögð vinnubrögð.
- þekki ókosti þess að vinna óskipulega og hve minni er brigðult.
- þekki vinnulag sem hentar þeim sem einstaklingum.
- þekki leiðir sem geta nýst til að skipuleggja vinnubrögð.
- verði færir um að vinna skipulega sem trúnaðarmenn.

Námslýsing

Megináhersla er lögð á skipulögð vinnubrögð sem nýtast trúnaðarmanni til að vinna markvissar að málum sem koma til kasta trúnaðarmanna. Áherslan er lögð á að hver og einn skoði eigið vinnulag og venjur, meti hvað gengur vel og hvað mætti betur fara. Einnig er fjallað um hversu mikilvægt er að skoða mál frá öllum sjónarhornum áður en trúnaðarmaður mótar sér skoðun á því. Námsmenn fá þjálfun í ýmsum aðferðum skipulagðra vinubragða, svo sem gerð hugkorta, að taka niður meginatriði úr dæmum, útbúa gátlista sem síðan getur nýst þeim á vinnustað, skrá niður minnispunkta fyrir fundi og geymslu gagna.

Námsaðferð

Fyrirlestrar, umræður og þjálfun í gerð minnislista, hugkorta, gátlista og undirbúnings funda. Unnið er í hópum og einnig leyst einstaklingsverkefni. Einnig fá námsmenn verkefni þar sem þeir þurfa að forgangsráða í samstarfi við aðra og til að prófa mismunandi aðferðir til að skipuleggja vinnu sína.

Námsefni

Útdráttur úr fyrirlestri og verkefni frá leiðbeinanda.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- þekki hlutverk og ábyrgð öryggistrúnaðarmanna, öryggisvarða og félagslega kjörinna trúnaðarmanna samkvæmt lögum og reglugerðum sem snerta vinnuvernd.
- viti hvert hlutverk Vinnueftirlits ríkisins er.
- verði færir um að stuðla að öruggara starfsumhverfi starfsmanna.
- þekki helstu lög, reglur og samninga er varða aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum.
- þekki reglugerð um áhættumat á vinnustað.

Námskeiðslýsing

Megináhersla er lögð á hugmyndafræði sem vinnuverndarlögin byggjast á. Áhersla er á skipulag vinnuverndarstarfs í fyrirtækjum, starf öryggistrúnaðarmanns og öryggisvarðar auk hlutverks og ábyrgðar trúnaðarmanns stéttarfélags. Fjallað er um starfsemi Vinnueftirlits ríkisins og hvernig má vinna með vinnuverndarlögin, önnur lög, reglur og samninga sem eru til að bæta „lífið í vinnunni“.

Námsaðferð

Leiðbeinandi kynni efnið og stjórnar umræðum.

Námsefni

Handbók trúnaðarmannsins og kynningar- og upplýsingabæklingar frá Vinnueftirlitinu, auk annars efnis eftir því sem við á.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- þekki helstu tegundir samtala.
- skilji uppbyggingu samtala.
- skilji notkun helstu spurnarforma.
- skilji hvernig gögnum er safnað á agaðan og skilvirkan hátt.
- þekki mikilvægi skráningar minnisatriða.
- þekki hver það er sem á að hlutast í erfið eða viðkvæm mál.
- þekki mikilvægi verkferla varðandi íhlutun.
- þekki hvað meðvirkni er og hvers vegna fólk verður meðvirkt.
- þekki helstu áhættuþætti þess að verða meðvirkur.
- þekki leiðir til að setja erfið mál í farveg án þess að taka erfiðleika annarra inn á sig.

Námslýsing

Megináhersla er lögð á grunnatriði í samtalstækninni, meðvirkni og íhlutun. Skoðaðar eru mismunandi tegundir samtala. Athyglinni er beint að fyrsta viðtali; uppbyggingu og tegundum spurninga sem farsælt er að nota. Fjallað er um mikilvægi skráningar minnisatriða. Mismunandi tjáskiptaleiðir eru skoðaðar og farið er í mikilvægi þess að gæta hlutleysis í samtölum. Fjallað er um íhlutun og hvaða mál á að hlutast til um, hvernig og hver á að gera það. Einnig um mikilvægi verkferla vegna ágreiningsmála. Einnig er fjallað um meðvirkni og hvers vegna fólk verður meðvirkt. Fjallað er um erfiðleika í samstarfi við vinnufélaga út frá tveimur sjónarhornum, þ.e. ef einstaklingurinn er meðvirkur sjálfur eða þau samskipti sem eru við meðvirkan vinnufélaga. Einnig verður fjallað um erfiða einstaklinga og hversu auðvelt er að verða meðvirkur séu áhættuþættir sem ýta undir það til staðar. Fjallað er um breytingar á viðhorfum, sjálfsefningu og streitulosun.

Námsaðferðir

Leiðbeinandi dregur fram aðalatriði, stjórnar umræðum, leggur verkefni fyrir einstaklinga eða hópa og stendur fyrir hlutverkaleikjum.

Námsefni

Efni frá leiðbeinanda.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- þekki hugmyndfræði, aðferðir og þjónustu náms- og starfsráðgjafar.
- kynnist verkefninu náms- og starfsráðgjöf á vinnustað.
- prófi aðferðir og verkefni sem beitt er í náms- og starfsráðgjöf.

Námslýsing

Megináhersla er á að kynna þjónustu og starfsemi náms- og starfsráðgjafar auk aðferða og leiða sem auðvelda ákvarðanatöku um nám, starf og frístundir. Fjallað verður stuttlega um sögulegan bakgrunn og forsendur náms- og starfsráðgjafar og hvers vegna mikilvægt er í nútímasamfélagi að efla færni til að hafa áhrif á framvindu eigin náms- og starfsferils.

Námsaðferð

Leiðbeinandi dregur fram aðalatriði, stjórnar umræðum og leggur fyrir verkefni.

Námsefni

Efni frá leiðbeinanda.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- öðlist aukinn skilning og yfirsýn yfir eigin færni.
- styrki stöðu sína í starfi, auki möguleika á starfsþróun og starfsframa.
- læri leiðir til að setja upplýsingar fram á skipulegan hátt.
- styrki stöðu sína í félagslegu starfi.
- greini þörf fyrir sí- og endurmenntun.
- auki færni sína í ritvinnslu.

Námslýsing

Megináhersla er lögð á að varpa ljósi á alla þá kunnáttu sem námsmaður býr yfir og hún skráð. Fjallað er um hvernig færnimappan nýtist trúnaðarmanninum til að greina hæfni sína til að sinna starfi trúnaðarmanns og greina styrkleika sína. Auk þess er gerð áætlun um sí- og endurmenntun sem hefur það að markmiði að auka færni trúnaðarmannsins til að takast á við þau margvíslegu verkefni sem fylgja starfi hans.

Námsaðferð

Leiðbeinandi lýsir tilgangi, innihaldi og aðferðum við gerð færnimöppu og hefur verkstjórn og leiðsögn með höndum þegar hver námsmaður um sig vinnur sína færnimöppu í tölvu.

Námsefni

Færnimappa talsmannsins og glærur frá leiðbeinanda.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- þekki viðfangsefni sem þykja brýn og varða sérhagsmuni eða sameiginlega hagsmuni réttindi eða skyldur launafólks og/eða launagreiðenda.

Námslýsing

Þennan námsþátt má nota til að lengja aðra námsþætti, velja úr valgreinum eða til að fara yfir námsefni sem ekki er lýst í þessari námsskrá enda þyki efnið brýnt að mati skipuleggjanda og varða hagsmuni, réttindi eða skyldur launafólks og/eða launagreiðenda.

Námsaðferð

Leiðbeinandi kynnir efnið, stjórnar umræðum og leggur fyrir verkefni eftir því sem við á.

Námsefni

Námsefni frá leiðbeinanda.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- leggi mat á námið og markmið þess.
- þekki ábyrgð sem fylgir því að meta sjálfa sig og aðra.
- leggi mat á markmið sín og framfarir sínar í náminu.

Námslýsing

Í lok námsins fara námsmenn yfir hverju námið hefur skilað. Námsmenn bera saman stöðu sína nú í lok námsins við væntingar sem þeir gerðu sér í upphafi námsins. Ásamt leiðbeinanda fara námsmenn yfir þann lærdóm sem hægt er að draga af hverjum námsþætti um sig.

Leiðbeinandi metur námsferlið og notar símataðferðir til að staðfesta að námsmenn hafi náð lokamarkmiðum námsleiðarinnar á viðunandi hátt svo og markmiðum námsþátta námsins.

Námsmenn leggja mat á námið, markmið námsleiðarinnar, skipulag vinnunnar, leiðbeinendur og aðra þætti námsstarfsins.

Námsaðferð

Leiðbeinandi stjórnar umræðum og leggur t.d. fyrir gátlista, umsagnarblöð eða annað sem hjálpar til þess að námsmenn geti metið námskeiðið skipulega.

Námsefni

Gátlistar og umsagnarblöð.



Rökfræði og áróður

Námsmarkmið

Að námsmenn

- þekki grunnþætti rökfræði og geti nýtt sér hana í daglegu lífi og í starfi sem trúnaðarmenn.
- þekki algengar rökvillur og leiðir til að bregðast við þeim.
- geti fært gild rök fyrir máli sínu.
- verði færir um að greina áróður og bregðast við áróðri.

Námslýsing

Megináhersla er lögð á að skilgreina helstu einkenni rökræðu, mikilvægi þess að hlusta á skoðanir annarra og hvernig leikni í rökræðu kemur að notum í samningaviðræðum og daglegu lífi. Fjallað er um hvernig rökvillur eru greindar og farið yfir áróðurstækni sem hefur verið notuð gegnum tíðina og enn er notuð til að hafa áhrif á okkur.

Kennsluaðferðir

Leiðbeinandi kynnir efnið, stjórnar umræðum og leggur fyrir verkefni. Verkefni lúta að greiningu á rökfræði og greiningu á dæmum um góða og slæma rökfræði. Námsmenn vinna verkefni í hópum sem síðan er farið yfir með öllum námsmönnum eða á kliðfundum. Einnig er farið í rökfræðileiki.

Námsefni

Efni frá leiðbeinanda, úrklippur úr blöðum og tímaritum og tilvitnanir í einstaklinga.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- þekki mismunandi stjórnunarstíla og geti greint á milli þeirra.
- þekki mismunandi kenningar í mannauðsstjórnun.
- þekki áhrif þess á starfsmannahópinn þegar fyrirmæli, skipulagning eða verkaskipting er óskýr eða ekki fyrir hendi.
- þekki einkenni formlegra og óformlegra leiðtoga.
- verði færir um að nota aðferðir sem skapa sátt um ákvarðanir og aðgerðir trúnaðarmanns.

Námslýsing

Megináhersla er lögð á einkenni nokkurra algengra stjórnunarstíla, mannauðsstjórnunar og hlutverk leiðtoga í ljósi þess að trúnaðarmaður hefur ekki boðvald en verður að vinna sér traust og virðingu til að fá áhrifavald. Áhersla er lögð á að trúnaðarmenn geti tileinkað sér aðferðir sem leiða til samheldni og sátta um niðurstöður.

Námsaðferðir

Leiðbeinandi kynnir efnið og stjórnar umræðum. Námsmenn vinna verkefni í hópum og síðan er farið yfir niðurstöður hópa með öllum námsmönnum.

Námsefni

Efni frá leiðbeinanda.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- þekki mikilvægi samkeppni og neytendaverndar á markaði.
- skilji hvers vegna verkalýðshreyfingin heldur úti verðlagseftirliti.

Námslýsing

Megináhersla er lögð á helstu viðfangsefni hagfræðinnar, hvernig hún tengist daglegu lífi, mikilvægi samkeppni og neytendaverndar á markaði og þátt verðlagseftirlits verkalýðshreyfingarinnar í því. Sett er fram einfalt líkan af hagkerfinu sem lýsir flæði milli helstu þátttakenda í efnahagslífinu. Starf verðlagseftirlits ASÍ verður kynnt og rætt um hag launafólks af því að halda verðlagi á markaði stöðugu. Þá er fjallað um mikilvægi þess að í markaðshagkerfi séu settar skýrar leikreglur og að haldið sé úti öflugum samkeppniseftirliti og neytendavernd. Fjallað er um samband launa og verðlags – verðbólgu og kaupmáttar.

Námsaðferð

Leiðbeinandi dregur fram aðalatriði, skýrir samhengi, stjórnar umræðum og leggur fyrir verkefni.

Námsefni

Efni frá leiðbeinanda, úrklippur úr blöðum og tímaritum og tilvitnanir í einstaklinga.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- þekki hugtök og aðferðir sem tengjast jöfnum rétti kvenna og karla.
- þekki ábyrgð aðila vinnumarkaðarins á því að meginmarkmiðum laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla á vinnumarkaði verði framfylgt.
- skilji mikilvægi jafnréttis kynjanna á öllum sviðum samfélagsins.

Námslýsing

Megináhersla er á jafnan rétt karla og kvenna á öllum sviðum samfélagsins, hugtök sem tengjast orðræðunni um jafnrétti og þróun jafnréttisumræðunnar á Íslandi og vinnumarkaði, s.s. kyn/kyngervi, samþættingu og jafnréttisáætlun. Fjallað er um áhrif atvinnuþátttöku, starfsvals, vinnutíma og menntunar á stöðu kynja á vinnumarkaðinum. Áhersla er á kynbundin launamun, lagalegt launajafnrétti og launaleynd. Velt er upp hugleiðingum um ástæður launamissréttis og menningaráhrifa sem þar gætir. Sérstök áhersla er lögð á samþættingu sem aðferðarfræði til að tileinka sér nýjan hugsunarhátt og verklag. Fjallað er um jafnréttislögin og að lokum er fjallað um hvert hlutverk verkalýðshreyfingarinnar er og hvað hún er að gera til að fylgja eftir markmiðum laga um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla.

Námsaðferð

Leiðbeinandi dregur fram aðalatriði, skýrir samhengi, stjórnar umræðum og leggur fyrir verkefni.

Námsefni

Glærur frá leiðbeinanda, heimasíður, greinar, bækur um jafnan rétt kynjanna.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- þekki hvernig réttindi ellilífeyrisþega hjá Tryggingastofnun og hjá lífeyrissjóðum eru byggð upp.
- verði færir um að benda samstarfsmönnum sínum á tækifæri sem eru í boði eftir starfslok.
- verði færir um að miðla jákvæðum viðhorfum til starfsloka og þess sem bíður fólks eftir starfslok.
- verði færir um að leita upplýsinga um réttindi fólks og möguleika eftir starfslok.
- verði færir um að benda fólki á leiðir til að skipuleggja tíma sinn í samræmi við breyttar aðstæður.
- þekki leiðir til þess að hjálpa fólki að halda sambandi við vinnustað og vinnufélaga eftir starfslok.
- þekki einkenni kvíða sem oft vaknar þegar starfslok nálgast og geti beint fólki á leiðir til að bregðast við.

Námslýsing

Megináhersla er lögð á nauðsyn þess að undirbúa starfslok vel áður en að þeim kemur, viðfangsefni, samskipti, heilsugæsla og réttindi ellilífeyrisþega hjá Tryggingastofnun og hjá lífeyrissjóðum. Fjallað er um ótta og kvíða fólks sem er að nálgast starfslok og hlutverk trúnaðarmanna í að veita fólki stuðning og aðstoða við að leita upplýsinga.

Kennsluaðferðir

Leiðbeinandi kynnir efnið, leitar eftir reynslu námsmanna, stjórnar umræðum og leggur fyrir verkefni.

Námsefni

Efni frá leiðbeinanda, úrklippur úr blöðum og tímaritum og tilvitnanir í einstaklinga. Einnig vefsíður og ýmis rit þar sem hægt er að leita eftir upplýsingum.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- skilji hugtök sem tengjast fjölmenningu á vinnumarkaði og í samfélaginu almennt.
- þekki menningarmun og gildismat sem hefur áhrif á viðbrögð og skoðanir fólks.
- þekki eigin menningu og veruleika og tengi við reynslu og veruleika samstarfsmanna sem eru af erlendum uppruna.

Námslýsing

Megináhersla er lögð á helstu hugtök og tölulegar staðreyndir varðandi fjölmenningu og erlenda starfsmenn. Áhersla er lögð á hugtök eins og fjölmenningu, þjóðarhópa og menningarhópa, samskipti, einsleitni og margleitni. Einnig er fjallað um hvað felst í því að vera Íslendingur, innflytjandi og að laga sig að samfélaginu. Þá verður farið yfir afstöðu verkalyðshreyfingarinnar til innflytjenda og erlendra starfsmanna.

Námsaðferð

Leiðbeinandi útskýrir efnið, stjórnar umræðum og leggur fyrir verkefni og nýtir dæmi úr reynsluheimi námsmanna. Markmiðið er að fá námsmenn til að tengja hugtök sem fjallað er um á námskeiðinu við verkefni.

Námsefni

Verkefni og annað námsefni frá leiðbeinanda.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- þekki mun á skyldutryggingum, almannatryggingum og einstaklingstryggingum.
- þekki skyldur atvinnurekenda vegna tryggingaákvæða kjarasamninga og laga.
- þekki uppbyggingu lífeyrissjóða, hlutverk þeirra og helstu breytur sem hafa áhrif á framtíðar-skuldbindingar þeirra.

Námskeiðslýsing

Megináhersla er lögð á að draga fram og útskýra heildarmynd velferðar- og tryggingamála og hvað hafi áhrif á þessa mynd. Fjallað er um jaðartilvik í almannatryggingum og þætti sem verða oft pólitísk bitbein. Einnig er fjallað um ábyrgð einstaklingsins, fjölskyldunnar, atvinnurekenda og þjóffélagsins. Upplýst hvert er hlutverk lífeyrissjóða, markmið þeirra, mistök sem hafa verið gerð og framtíðarsýn þeirra.

Námsaðferð

Leiðbeinandi dregur fram aðalatriði, sýnir samhengi og tengsl, stjórnar umræðum og leggur fyrir verkefni.

Námsefni

Efni frá leiðbeinanda auk kynningar- og upplýsingaefnis frá lífeyrissjóðum og Tryggingastofnun ríkisins.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- þekki einkenni eineltis.
- viti hverjar afleiðingar eineltis geta verið.
- þekki leiðir til að vinna á og stöðva einelti.

Námslýsing

Megináhersla er lögð á að skilgreina einelti og hvernig og hvers vegna er lagt í einelti. Áhersla er lögð á leiðir til að fyrirbyggja og taka á einelti. Farið er í ferli eineltis og afleiðingar fyrir þolendur og gerendur. Einnig áhrif eineltis á vinnustaðinn og afkomu fyrirtækis/stofnunar. Fjallað er um einkenni vinnustaða þar sem einelti þrífst, hvað einkennir hegðun og samskipti þolenda, gerenda og annarra starfsmanna.

Námsaðferð

Leiðbeinandi dregur fram aðalatriði, sýnir samhengi og tengsl, stjórnar umræðum og leggur fyrir verkefni.

Námsefni

Efni frá leiðbeinanda.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- kynnist meginreglum EES-samningsins sem skapar evrópsku launafólki rétt til að starfa hér á landi.
- þekki kröfur sem íslensk stjórnvöld geta gert til erlendra fyrirtækja sem stunda tímabundna atvinnustarfsemi hér á landi.
- þekki reglur sem gilda um starfskjör og réttindi erlends launafólks.
- þekki heimildir til að aðstoða erlenda vinnufélaga og til að hafa eftirlit með launakjörum þeirra.

Námslýsing

Megináhersla er lögð á efni laga sem gilda um erlent launafólk og erlend fyrirtæki á íslenskum vinnumarkaði og íslensku atvinnulífi. Einnig hlutverk trúnaðarmanna stéttarfélaganna að veita erlendum vinnufélögum upplýsingar um réttindi og skyldur á íslenskum vinnumarkaði. Rætt verður um stefnumótun íslenskra stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins að styrkja reglur á vinnumarkaði er snúa að erlendu launafólki, atvinnurekendum og eftirliti með framkvæmd reglnanna.

Námsaðferð

Leiðbeinandi kynnir efnið og stjórnar umræðum.

Námsefni

- Handbók trúnaðarmannsins, efni frá leiðbeinanda og upplýsingar um fjölda erlendra starfsmanna hér á landi, í hvaða starfsgreinum þeir vinna o.s.frv.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- þekki markmið fyrirtækjasamninga.
- þekki fyrirkomulag fyrirtækjasamninga og efnisþætti.

Námslýsing

Megináhersla er lögð á eðli og markmið fyrirtækjasamnings samkvæmt ákvæðum kjarasamnings.

Námsaðferð

Leiðbeinandi dregur fram heildarmynd fyrirtækjasamninga, stjórnar umræðum og leggur fyrir verkefni.

Námsefni

Efni frá leiðbeinanda. Ákvæði í kjarasamningi sem varða fyrirtækjasamninga.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- þekki hvaða hugsun býr að baki starfsmannaviðtölum.
- þekki hvaða hugsun býr að baki launaviðtölum.
- þekki hvernig einstaklingar geta búið sig undir viðtöl.
- kynnist mismunandi aðferðum sem notaðar eru við mat á starfsmönnum.
- þekki hvert er hlutverk trúnaðarmanna í starfsmanna- og launaviðtölum.
- geti aflað sér upplýsinga um launaþróun einstakra starfsstétta.
- þekki leiðir til að standa faglega að launa- og starfsmannaviðtölum.

Námslýsing

Megináhersla er lögð á tilgang og eðli annars vegar launaviðtals og hins vegar starfsmannaviðtals, undirbúning fyrir hvort um sig, algenga framvindu þeirra og hlutverk trúnaðarmanns. Áhersla er lögð á mikilvægi þess að trúnaðarmenn þekki leiðir til að standa faglega að þessum málum og hvernig þeir geta aðstoðað samstarfsmenn sína við undirbúning.

Námsaðferðir

Leiðbeinandi útskýrir efnið, dregur fram aðalatriði, leggur fyrir verkefni og stjórnar umræðum.

Námsefni

Efni frá leiðbeinanda, efni frá Hagstofu Íslands, efni frá hagdeildum sambanda stéttarféлага og starfsmannastefna einstakra fyrirtækja.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- verði færir um að setja fram upplýsingar með tölfræðilegum hætti.
- skilji mikilvægi mismunandi framsetningar.
- skilji hvernig hægt er að túlka og nota tölfræðilegar niðurstöður.

Námslýsing

Megináhersla er lögð á að setja fram upplýsingar með tölfræðilegum hætti til að kynna þær og túlkun á niðurstöðum kannana og rannsókna. Framsetning á tölum getur verið með ólíkum hætti og því er lögð áhersla á muninn á framsetningu þeirra. Hvaða framsetning er heppilegust hverju sinni? Fjallað verður meðal annars um: tíðnidreifingar, myndræna framsetningu, mælingu/mælingar á dreifingu og úrtaksfræði. Kynnt verður framsetning á gögnum með Excel.

Námsaðferð

Leiðbeinandi dregur fram aðalatriði, stjórnar umræðum og leggur fyrir verkefni sem m.a. eru unnin eru í tölvu.

Námsefni

Efni frá leiðbeinanda.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- skilji hvernig unnið er úr kjaragögnum og hvernig setja má fram upplýsingar með skilmerkilegum hætti.
- verði færir um að nota helstu tölfræðiskipanir í Excel.

Námslýsing

Megináhersla er lögð á að greina og setja fram niðurstöður úr könnunum og rannsóknum svo sem launakönnunum. Tekin verða dæmi um launakönnun kjararannsóknarnefndar um launadreifingu. Fjallað er um hvernig unnið er úr kjaragögnum og hvernig niðurstöður eru settar fram á skilmerkilegan hátt með Excel. Fjallað verður meðal annars um helstu tölfræðiskipanir í Excel, hvernig meðaltal og miðgildi eru fundin, hæsta og lágsta gildi, dreifni svo eitthvað sé nefnt.

ATH.

Nauðsynlegur undirbúningur er „Túlkun talna I“ eða grunnkunnátta í Excel.

Námsaðferð

Námskeiðið byggist á verkefnum sem námsmenn vinna í Excel.

Námsefni

Efni frá leiðbeinanda.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- kynnist náms- og starfsráðgjöf.
- skilji hvernig ráðgjöf getur verið háttað og hvers vegna hún er mikilvæg.
- skilji hvaða hlutverki ráðgjöf getur gegnt í námsvali launafólks.
- skilji hvaða hlutverki verkalýðsfélög og vinnuveitendasambönd geta gegnt í að koma á vinnustaðaráðgjöf.

Námslýsing

Námið er skipulagt fyrir þá sem vilja taka að sér að kynna og benda á möguleika sem felast í náms- og starfsráðgjöf fyrir almennt launafólk með stutta skólagöngu að baki. Á námskeiðinu ganga þátttakendur í gegnum þjálfun sem gerir þeim kleift að hjálpa vinnufélögum sínum að uppgötva hæfileika sína, gildi og eiginleika, svo að þeir geti orðið ánægðari í starfi og leik. Ásamt því mun námið gefa innsýn í störf náms- og starfsráðgjafa sem þeir geta miðlað áfram til samstarfsmanna ef þeir vilja sækja sér frekari ráðgjöf.

Námsaðferð

Leiðbeinandi dregur fram aðalatriði, stjórnar umræðum og leggur fyrir verkefni.

Námsefni

Efni frá leiðbeinanda.



Menntamálaráðuneytið hefur samþykkt að meta „Trúnaðarmannanámskeið II“ til styttingar á námi í framhaldsskóla til allt að 5 eininga. Meta má námið á móti allt að 5 einingum í vali, 5 einingum á kjörsviði og/eða til almennra greina eftir styrkleika viðkomandi einstaklings.

Nám og námsþætti má til dæmis meta á móti eftirfarandi áföngum í AÐALNÁMSKRÁ FRAMHALDSSKÓLA:

TJÁ 102 Tjáning

VVM101 Vinnan og vinnumarkaðurinn

Til að meta styrkleika einstaklings er hægt að nota einhverja af eftirtöldum aðferðum

- Framlögð gögn um fyrra nám, t.d. staðfestingu frá leiðbeinanda á námskeiðinu „Trúnaðarmannanámskeið II“.
- Starfsferilsskrá
- Viðtöl við einstakling, þar með talið sjálfsmat
- Stöðupróf

Ekki er tryggt að námsmaður geti nýtt allar einingarnar til styttingar á námi í framhaldsskóla, það fer eftir tegund náms og námsferli viðkomandi námsmanns.


Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. var stofnuð af Alþýðusambandi Íslands og Samtökum atvinnulífsins í desember 2002.

Hlutverk hennar er að vera samstarfsvettvangur stofnaðilanna um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun í samstarfi við aðrar fræðslustofnanir á vegum aðildarsamtaka ASÍ og SA.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins vinnur samkvæmt samþykktum og þjónustusamningi sem gerður hefur verið við menntamálaráðuneytið.

Starfsemin beinist að þeim sem ekki hafa lokið námi úr framhaldsskóla og innflytjendum.

Markmiðið er að veita starfsmönnum, sem ekki hafa lokið prófi frá framhaldsskóla, tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði.



FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ
ATVINNULÍFSINS

www.frae.is, sími 599 1400